

Hafnarfirði 24. mars 2015

Samantekt um aðkomu Más Sveinbjörnssonar hafnarstjóra að starfsmannamáli hjá Hafnarfjarðarhöfn frá 14. nóvember til 30. janúar 2015.

Már var í fríi frá 3. nóvember til 3. desember 2014

5. desember 2014 héldu starfsmenn hafnarinnar, sem eru félagar í Félagi Skipstjórnarmanna, starfsmannafund og fengu til fundarins starfsmann félagsins, Ægi Stein Sveinþórsson.

Tilfni fundarins var launamunur, sem orðinn var milli starfsmanna hafnarinnar eftir því í hvaða stéttarfélagi þeir eru.

Sama dag sendi Ægir tölvupóst til formanns hafnarstjórnar Unnar Láru Bryde og Más, þar sem hann óskar eftir fundi með þeim til að ræða eftirfarandi atriði:

- Skipulag starfa þeirra (starfsmanna hafnarinnar, sem eru félagar í Félagi Skipstjórnarmanna) og starfsumhverfi við höfnina.
- Launasetningu starfsmanna eftir mismunandi stéttarfélagsaðild.
- Eftir atvikum önnur tengd atriði.

Ennfremur stendur í tölvupósti Ægis:

“Á fundi mínum í morgun, með þessum hópi félagsmanna, kom fram að bæjarstjóri hefur með óviðeigandi hætti, að okkar mati, rætt við starfsmann hafnarinnar um störf og fyrirkomulag starfa við höfnina, þannig að rík ástæða er til að fara yfir þessi mál.”

Már framsendi póstinn til Unnar Láru að ósk Ægis vegna þess að hann var ekki viss um að hefði netfang hennar.

Einnig sendi Már póstinn til Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra að hans beiðni um símanúmer Ægis.

8. desember 2014 mættu til fundar í bæjarráðssalnum Haraldur, Ægir, Már, starfsmaður hafnarinnar og Kristján Skaftason, trúnaðarmaður starfsmanna hafnarinnar hjá Félagi Skipstjórnarmanna. Auk þess var á fundinum Margrét Jónsdóttir ritari.

Strax við upphaf fundarins kom fram að bæjarstjóri hafi ekki verið á umræddum fundi 15. nóvember. Síðar kom Kristján Sturluson, sviðsstjóri stjórnslusviðs, á fundinn og kom þá einnig fram að hann hefði heldur ekki verið á umræddum fundi.

6. janúar 2015 var fundur á hafnarskrifstofunni.

Á fundinum voru Már, starfsmaður, Kristján Skaftason, Kristján Sturluson og Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar.

Farið var yfir einstök atriði málsins og það sem fram hafði komið fram að því.

12. janúar 2015 var haldinn fundur á hafnarskrifstofunni. Á fundinum voru Már, starfsmaður, Kristján Skaftason, Kristján Sturluson og Berglind Bergþórsdóttir þá nýráðinn mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Farið yfir athuganir Kristjáns Sturlusonar.

13. janúar 2015 var haldinn fundur á skrifstofu bæjarstjóra. Viðstaddir voru Haraldur, Unnur Lára Bryde formaður hafnarstjórnar, Kristján Sturluson og Már. Kristján Sturluson kynnti drög að greinargerð sinni.

22. janúar 2015, kl 9:30 var haldinn fundur á skrifstofu bæjarstjóra.

Á fundinum voru: Haraldur, Unnur, Kristján Sturluson, Berglind, Már og Sólveig Gunnarsdóttir lögmaður hjá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.

Kristján Sturluson fór yfir greinargerð sína.

Sólveig kvað það viðeigandi að afhenda starfsmanni greinargerð Kristján Sturlusonar ásamt bréfi þar sem honum væri bent á að koma á framfæri gögnum og/eða skýringum, sem styðji mál hans.

Sólveig kvað það hlutverk hafnarstjóra að undirrita og afhenda bréfið samkvæmt stjórnarsýslulögum.

Már andmælti, kvað þetta mál ekki koma honum né höfninni við.

Sólveig kvað það nú samt vera svona, þar sem þetta sé starfsmaður hafnarinnar.

Einnig kom fram að hafnarstjóri gæti fengið áminningu, ef hann gerði það ekki.

23. janúar 2015 hringdi Már í Sólveigu og spurði hana um lög og lagagreinar stjórnarsýslulaga, sem fjölluðu um veitingu áminninga og hæfi eða vanhæfi til slíkra verka.

23. janúar 2015 sendi Sólveig drög að bréfi.

30. janúar 2015, tilkynnti Már Unni Láru að hann myndi ekki að afhenda bréfið.

Már Sveinbjörnsson hafnarstjóri tók saman þessi minnisatriði eftir minni og eigin rituðum minnisatriðum málsins, ásamt tilvísunum í tölvupósta.

Undirritaður óskar að farið verði með greinargerð þessa sem trúnaðarmál til að hlífa starfsmanni hafnarinnar við frekara áreiti.

*Már Sveinbjörnsson*  
*hafnarstjóri*